



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úrbætur á hjóltreðabrautum á Hverfisgötu

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 7. september sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að úrbætur verði gerðar á hjóltreðabrautum á Hverfisgötu. Merkja þarf brautirnar með skýrum og áberandi hætti en núverandi merkingar eru of fáar og flestar þeirra máðar. Þá þarf að bæta tengingar við sinn hvorn enda hjóltreðabrautanna og bæta aðkomu þeirra að Snorrabraut. Æskilegt er að sett séu upp varúðarmerki þar sem hjóltreðabrautirnar enda án fyrirvara og renna saman við akbrautina, sem hefur slysaþættu í för með sér.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 14. september sl.

Umsögn:

Frumhönnun Borgarlínu stendur yfir þar sem áætlað er að Borgarlínan muni aka eftir Hverfisgötu milli Hlemms og Lækjargötu. Í þeirri útfærslu sem lögð hefur verið fram verða hjólastígar á Hverfisgötu lagðir af í núverandi mynd til að koma fyrir nauðsynlegum innviðum Borgarlínu. Þess í stað munu gangandi vegfarendur Hverfisgötu fá meira rými með breiðari gangstéttum. Gert er ráð fyrir því að heimilt verði að hjóla í sama rými og Borgarlínan ekur. Á sama tíma er gert ráð fyrir því að nýr hjólastígur verði lagður í Skúlagötu milli Snorrabrautar og að Kalkofnsvegi/Hörpu sem mun að einhverju leyti koma til móts við það að hjólastígar verði færðir af Hverfisgötunni. Í ljósi fyrirhugaðra breytinga á Hverfisgötu er því ekki talið skynsamlegt að fara í miklar framkvæmdir á hjólastíg á Hverfisgötu. Aftur á móti er nauðsynlegt að reglulegu viðhaldi líkt og viðhaldi merkinga á götum verði haldið áfram.

Beðist er velvirðingar á seinum viðbrögðum við tillögunni.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri